Engin takmörk!

Á haustönn 2022 geta nemendur í 1. – 10. bekk Auðarskóla í Dalabyggð valið sér hvaða félagsstarf, íþróttir og tómstundir sem þau vilja, óháð framboði í heimabyggð.

Forritun? Dans? Tónsmíði? Förðun? Karate? Tungumál? Fimleikar? Hundaþjálfun? Tölvuteikning? Prjónanámskeið? Jóga? Ljósmyndun? Matargerð? Grafísk hönnun? Skapandi skrif? Myndvinnsla? Klifur? Minecraft? Bogfimi? Vélmennasmiðja? Sjálfsstyrking? Myndasögugerð? Sund? Leiklist? Tölvuleikjagerð?

Byggðarráð Dalabyggðar hefur ákveðið að breyta reglum um frístundastyrk hjá sveitarfélaginu á þann veg að hann nái einnig til félagsstarfs, námskeiða, íþrótta og annarra tómstunda sem ekki eru í boði í sveitarfélaginu. Þá verður einnig hægt að nýta styrkinn á móti námskeiðum eða kennslu sem fer fram í gegnum netið.

Að auki verður styrkurinn hækkaður fyrir þennan aldurshóp á haustönn 2022 og bætast 10.000 kr.- við styrkinn fyrir hvern einstakling í 1. – 10. bekk. Viðbótarfjármagnið er styrkur frá Stjórnarráði Íslands til að efla virkni og vellíðan barna og ungmenna.

Við bendum á að styrkurinn nýtist einnig til að greiða staðfestingar- eða skráningargjald á einhverju sem fer fram eftir áramót, svo lengi sem gjaldið er greitt fyrir áramót, þ.e. á árinu 2022. Þó er ekki greitt aftur í tímann, þ.e. fyrir námskeið, félagsstarf, æfingar eða annað sem er lokið. Greiðsla þarf að fara fram á haustönn til að fást endurgreidd.

Að öðru leyti gilda reglur Dalabyggðar um frístundastyrk fyrir börn og ungmenni, þ.e. viðkomandi þarf að eiga lögheimili í Dalabyggð og til að fá styrkinn greiddan þarf að skila greiðslukvittun á skrifstofu Dalabyggðar fyrir 15. desember nk.

Það er von byggðarráðs að þessi framkvæmdi verði til þess að hvetja börn og ungmenni til að iðka íþróttir, sækja sér námskeið, sinna tómstundum og styrkja félagslega færni.